

Ár 2014, fimmtudaginn 29. janúar er dómþing haldið í Dómstóli ÍSÍ að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi af dómsformanni Gunnari Guðmundssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/ 2015

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson og
Kári Mímisson
gegn
borðtennisdeild Víkings

FRÁVÍSUNARÚRSKURÐUR:

Kæra frá kærendum Pétri Marteini Urbancic Tómassyni, kt. 0908913679 og Kára Mímissyni kt. 1711922859 á hendur borðtennisdeild Víkings, kt. 6603850379 barst skrifstofu ÍSÍ þann 26. janúar 2015 eða 6 dögum eftir að kærendum var birt niðurstaða Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í máli kæranda gegn kærða, borðtennisdeild Víkings, en Áfrýjunardómstóll ÍSÍ staðfesti niðurstöðu Dómstóls ÍSÍ um að vísa málinu frá. Gafst þá kærendum þriggja sólarhringa frestur til að kæra málið að nýju til Dómstóls ÍSÍ. Sá frestur rann út föstudaginn 23. janúar 2015.

Af þessum sökum verður ekki hjá því komist í samræmi við afdráttarlaut orðalag greinar 24.2 í lögum ÍSÍ að vísa málinu frá þar sem kærufrestur var útrunninn.

Úrskurðarorð:

Máli kærðu, Péturs Marteins Urbancic Tómassonar og Kára Mímissonar gegn borðtennisdeild Víkings er vísað frá dómi.

Gunnar Guðmundsson

Um málsskotsheimild:

Grein 24.3 í lögum ÍSÍ:

„Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.